

# Tjöldum ekki til einnar nætur

Einkarekstur í heilbrigðisþjónustu blómstrar að sögn Magnúsar Páls Albertssonar stjórnarformanns Orkuhússins



*Það er víðsýnt ofan af þaki Orkuhússins við Suðurlandsbraut þar sem Magnús Páll Albertsson stendur. Að baki honum sést inn í fundar- og kennslusal hússins.*

EINKAREKSTRI í íslensku heilbrigðisþjónustu vex stöðugt ásmegin og nú í október urðu tímamót í rekstri tveggja fyrirtækja sem lækna eiga að öllu eða verulegu leyti. Annars vegar átti fyrirtækið Röntgen Domus tíu ára afmæli eins og greint er frá annars staðar hér í opnunni. Hins vegar var Orkuhúsið við Suðurlandsbraut opnað með pompi og prakt en þar starfa fjögur félög undir sama þaki. Af þessu tilefni tók Læknablaðið Magnús Pál Albertsson stjórnarformanns Orkuhússins tali um þá þróun sem er að verða í íslensku heilbrigðiskerfi.

Fyrst ber að segja frá því að í Orkuhúsinu koma saman fjögur fyrirtæki. *Læknastöðin* þar sem 15 lækna eru með móttöku, flestir bæklunarskurðlækna, *Íslensk myndgreining* sem er í eigu nokkurra röntgenlækna úr Fossvoginum en aðallega eru það tveir þeirra sem vinna í Orkuhúsinu, *Sjúkraþjálfun Íslands* sem sex sjúkraþjálfarar starfrækja en alls starfa þar 16 sjúkraþjálfarar og innanlandsdeild *Össurar hf.* sem smíðar gervilimi, spelkur og stoðtæki og rekur auk þess verslun á jarðhæð hússins.

Þessi félög störfuðu flest saman í Álftamýri en höfðu fyrir löngu sprengt af sér það húsnæði. Nú eru lækna þeir með stofur sínar á fjórðu og fimmtu hæð hússins þar sem áður voru bækistöðvar Rafmagnsveitu Reykjavíkur en á efstu hæð er fundar- og kennslusalur. Á annarri og þriðju hæð eru Össur hf. og sjúkraþjálfarar með sína starfsemi (þar á meðal einn sem stundar nálastungur). Á jarðhæð eru auk verslunarinnar stofur fyrir skurðaðgerðir og í fyrrum mótuneyti við hlið turnsins er Íslensk myndgreining að störfum.

## Stærðin kom á óvart

Þegar litið er á þessa starfsemi vekur það athygli að þarna er að verða til sérhæfð þjónustumiðstöð í heilbrigðiskerfinu sem sinnir að mestu leyti stoðkerfisvandamálum (nema hvað röntgenlækna myndu hvaða líkamsparta sem er). Fyrsta spurningin sem ég legg fyrir Magnús Pál er því sú hvort þetta sé framtíðin í íslensku heilbrigðiskerfi, að sérhæfðar, einkareknar stöðvar rísi upp við hlið stórra ríkisstofnana.

„Það mætti ætla það því Orkuhúsið er ekki eina stöðin af þessu tagi. Í Læknasetrinu í Mjódd starfa fjölmargir lyflækna og hér handan við gatnamótin í Glæsibæ er læknastöð sem einkum sinnir háls-, nef- og eyrnalækningum þótt fleiri greinar eigi sér þar fulltrúa. Sérhæfing af þessu tagi er hagkvæm, bæði fyrir okkur sem hér störfum og getum samnýtt margskonar tæki og aðstöðu, og svo er það hagræði fyrir sjúklinga að hafa allt á einum stað.“

Eins og kunnugt er hefur oft andað köldu í samskiptum bæklunarskurðlækna og heilbrigðisyfirvalda svo það er ekki úr vegi að spyrja hvernig viðbrögð þeirra síðarnefndu hafi verið við stofnun Orkuhússins.

„Þau hafa nú ekki verið mikil, hvorki jákvæð né neikvæð. Við höfum ekki kallað eftir neinni aðstoð frá stjórnvöldum. Við störfum sem einyrkjar með samning við Tryggingastofnun ríkisins og það breytist ekkert við flutninginn. Sjúklingarnir verða áfram á ábyrgð okkar læknanna en ekki stöðvarinnar. Ef það yrði raunin yrðum við að gerast launamenn hjá stöðinni og það er einmitt það sem við erum að forðast – að verða launamenn hjá einhverri stofnun.“

Ráðherra og meirihluti samninganefndar hans mættu við opnunina. Þeim kom á óvart að sjá hversu stórt húsið er og að hér er ekki tjaldað til einnar nætur.“

## Samstarfið mun aukast

– En hver eru samskipti ykkar við aðrar svipaðar stöðvar?

„Það hefur myndast vísir að samstarfi milli þessara einkareknu stöðva. Til dæmis eigum við ágætt samstarf við þá sem eru í Glæsibæ, þeir notfæra sér myndgreininguna hér og við sendum sýni til rannsóknar á rannsóknarstofuna þeirra. Þetta á örugglega eftir að aukast.“

– En hvað um samskiptin við spítalann?

„Þau eru því miður lítil og engin með formlegum hætti. Það á sér eflaust rætur í því að við komum flestir úr Fossvogi og viðskilnaðurinn þar hefði getað verið hamingjuríkari. En ef við lítum á málið kalt og yfirvegað þá ætti að vera meira samstarf. Það eru

Þróstur  
Haraldsson

dæmi þess að ég vísi fólki á spítalann ef ég get ekki gert það sem þarf að gera og af sömu ástæðu er vísað til mín sjúklingum frá spítalanum. En þetta er ekki formlegt samstarf heldur einungis á milli einstaklinga og því þyrfti að breyta. Ég á þó von á því að þetta komist í eðlilegt horf með tímanum.“

– En eruð þið ekki komin með vísi að einkareknum spítala?

„Jú, það má alveg segja það. Í raun og veru getum við haft sjúklinga hér yfir nótt. Ef þeir þurfa lengri innlögn verðum við þó að senda þá annað.“


– Hefur ekki orðið mikil breyting á því sem þið gerid hér?

„Jú, við erum að gera núna ýmsar aðgerðir sem ekki var reynt að gera utan spítala þegar við byrjuðum í Álftamýrinni árið 1997. Það hafa komið til ný tæki og efni sem gera aðgerðirnar auðveldari, auk þess sem verklagið breytist þannig að sjúklingar þurfa ekki að leggjast inn heldur geta farið heim fljótlega eftir að aðgerð lýkur. Með flutningunum hefur öll aðstaða til aðgerða stórbatnað þótt ekki hafi verið keypt mikið af nýjum tækjum. Hins vegar hefur öll umgjörðin breyst til hins betra, húsrýmið aukist og allar lagnir og þess háttar eftir ýrtruðu kröfum um gæði og öryggi. Möguleikar röntgenlækna hafa einnig aukist verulega en þeir hafa bætt við sig tækjum, meðal annars nýju tölvusneiðmynda-tæki og nú er verið að setja upp eina rannsóknarstofu til viðbótar til venjulegra röntgenrannsókna.“

### Miklir möguleikar

Þótt húsnæðið sé mikið og rúmgott horfa aðstandendur Orkuhússins til þess að geta aukið það enn meir. „Að vísu tókst okkur ekki að fá skemmurnar sem eru hér ofar í lóðinni en lóðinni fylgir mikill byggingarréttur svo hér er auðvelt að bæta við ef áhugi er fyrir hendi. Við höfum til dæmis rennt hýru auga til þess að nú stendur til að opna nýja heilsugæslustöð fyrir Voga- og Heimahverfið en hún gæti vel verið hér á lóðinni. Við erum að vísu 100 metra utan marka heilsugæslusvæðisins. Þótt ég hafi áðan rætt um kostina við sérhæfðar stöðvar þá geta mismunandi stöðvar með ólíka sérhæfingu vel starfað undir sama þaki og átt gott samstarf.“

Magnús sér einnig fyrir sér að Orkuhúsið geti tekið að sér starfsþjálfun og kennslu læknanema og þeirra sem eru í framhaldsnámi. „Við höfum aðstöðu til þess að taka nemendur bæði í vinnu og kennslu og erum reyndar byrjaðir á því. Það hafa komið til okkar lækna í framhaldsnámi og fengið að vera hér, auk þess sem stúdentar úr læknaeildinni hafa komið í skoðunarferðir. Um þetta á þó eftir að semja og mér skilst að á vegum þar til bærra yfirvalda sé verið að skoða möguleikana sem felast í þátttöku sjálfstætt starfandi lækna í kennslu. Það eru því horfur á að litli ljóti andarunginn fái að vera með,“ segir Magnús Páll Albertsson bæklunar- og handaskurðlæknir og brosir út í annað.



Sex af sjö eigendum Röntgen Domus, frá vinstri: Eyþór Björgvinsson, Magnús Lúðvíksson, Þorkell Bjarnason, Birna Jónsdóttir, Jörgen Albrechtsen og Guðmundur J. Elíasson. Einar Steingrímsson var farinn úr veislunni. Á neðri myndinni stendur Birna við nýja stafræna röntgentækið.

## Röntgen Domus 10 ára

Nýtt stafrænt röntgentæki og útibú opnað í Mjódd

FYRIR TÍU ÁRUM stofnuðu fimm röntgenlæknar fyrirtækið Röntgen Domus Medica í samnefndu húsi við Egilsgötu. Þetta gerðist í kjölfar sameiningar Landakotsspítala og Borgarspítala en lækarnir höfðu starfað saman á þeim fyrrnefnda. Fyrirtækið hefur stækkað ört og á dögunum var afmælinu fagnað á veglegan hátt.

Í upphafi voru starfsmenn níu og höfðu til umræða eina röntgenstofu, tölvusneiðmynda-tæki, ísótópastofu og ómsjá. Ári síðar var opnað önnur röntgenstofa og í ársbyrjun 1996 var stigið stórt skref þegar segulómstofa komst í gagn. Nú starfa hjá fyrirtækinu sjö röntgenlæknar sem jafnframt eru eigendur, 12 geislafræðingar og 17 aðrir starfsmenn. Að jafnaði eru gerðar þar um 200 rannsóknir á hverjum virkum degi.

Í tilefni af afmælinu var ákveðið að auka enn við umsvif fyrirtækisins og opna útibú í húsnæði Læknaseturs í Mjódd. Þar verður komið fyrir nýju tölvusneiðmynda-tæki sem býður upp á nýja möguleika, svo sem kransæðamyndatökur án inngríps á borð við hjartaþræðingu. Einnig hefur verið keypt nýtt röntgentæki og því komið fyrir í Domus Medica. Þar er á ferðinni algerlega stafrænt tæki og með tilkomu þess stígur fyrirtækið stórt skref til þess að kveðja röntgenfilmuna endanlega.

Filmur sem hengdar eru á ljósa-

skápa eru þungavara og taka mikið pláss í geymslum. Öll myndvinnsla og greining með nýju tækninni fer fram á tölvuskjá og verður hægt að lesa úr myndunum bæði í Domus og Mjódd, auk þess sem afrit vistast sjálfkrafa á báðum stöðum.

Birna Jónsdóttir röntgenlæknir sýndi blaðamanni Læknablaðsins geymslu sem er um 120 m<sup>2</sup> að flatarmáli og geymir allar myndir sem teknar hafa verið frá stofnun fyrirtækisins. Í næsta herbergi er tölvustæða, tæpur fermetri að flatarmáli og metri að hæð, en í henni verður hægt að geyma allar röntgenmyndir sem teknar verða næsta áratuginn í þessu ágæta fyrirtæki.

